

frýjaða dóm að öllu leyti. Akærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í málinu við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jens Fr. Jensen ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns í málinu fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fulluægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvembermánaðar.

Nr. 17/1902:

Réttvísinn

gegn

Sturlu Vilhjálmssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, gengnum 28. febr. þ. á., var ákærði Sturla Vilhjálmsson frá Dölum í Fáskrúðsfirði dæmdur fyrir stórþjófnað og brennu eftir 231. og 282. gr. í almennum hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869 til að sæta 8 ára tyftunarhúsvinnu, til að borga iðgjöld 2280 kr. 84 a., svo og allan af málinu og varðhaldi

hans leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í héraði Jóns sýsluskrifara Runólfssonar 5 kr.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður fyrir hönd réttvísinnar áfrýjað til landsyfirréttarins.

Með eigin játningu ákærða, Sturlu Viljalmssonar, sem styðst við það, sem á annan hátt er framkomið í málinu, er það löglega sannað, að hann síðla kvelds, 9. sept. 1901, eða fyrri part nætur milli 9. og 10. sept. 1901, lagði leið sína til Þorgrímsstaða í Breiðdal með þeim ásetningi, að stela peningum frá Jóni Jónssyni bónda þar, sem ákærða var kunnugt um, að Jón geymdi í kistu í skemmu, er áföst var við bæinn. Er hann var kominn að Þorgrímsstöðum, þar sem alt var kyrt, með því fólkið var háttað eða í svefni, fór hann inn í skemmuna með þeim hætti, að hann opnaði hlera, sem var fyrir glugga á gaffi skemmunnar, kipti út glugganum og fór inn um opið, gekk að kistu, sem þar var og opnaði hana, — en hún var ólæst, af því að föt höfðu orðið á milli, er læsa átti kistunni — og stal úr henni 539 kr.; meðan hann var að ná peningunum, kveikti hann á 2 eldspýtum, til þess að sjá til; að því búnu kom honum til hugar að kveikja í skemmuinni til þess að peningahvarfið kæmist ekki upp, og gjörði hann það með þeim hætti, að hann kveikti á þriðju eldspýtunni — fleiri hafði hann ekki — og kastaði henni ofan í kistuna, en í henni voru föt og bækur. Þá heyrði hann hund gelta á bænum

og flýtti hann sér því út um gluggaopið og hélt burtu með þýfið leiðar sinnar. Að því á annan hátt er upplýst, var eitthvað lítið komið á 12. klukkustundina, er hann kveikti í kistunni, en stuttu eftir miðnætti var skemman albrunnin. Jón bóndi á Þorgrímsstöðum vaknaði um miðnætti við það, að honum heyrðist sem vindur þyti, og er hann leit út í gluggann á baðstofunni, þar sem hann svaf, sá hann eldbjarma leggja á hlaðið; kallaði hann þá til fólksins, sem svaf á loftinu yfir baðstofunni og bjargaði það sér út um glugga, nema Gísli vinnumaður Eiríksson, sem fór niðri bæjar-göng til þess að vita, hvað um væri að vera, en varð að hverfa aftur sökum reykjar, og fór því inn í baðstofu og þar út um glugga, en Jón bóndi og kona hans og börn voru þá komin út um gluggann út á hlað. Var svo innanstokksmunum í baðstofunni bjargað út um glugga, en drengur var sendur á næsta bæ til þess að biðja um hjálp, og kom bóndinn þar og bróðir hans að vörmu spori til hjálpar og tókst þeim og heimamönnum að slökkva eldinn án þess að hann næði til baðstofunnar; var það um 4. stund eftir miðnætti. Eins og áður er sagt, brann skemman öll niður og eldurinn læsti sig þaðan í göngin milli skemmunnar og baðstofunnar, og voru raftar þar talsvert brunnir, án þess þó að göngin hryndu. —

Jón bóndi á Þorgrímsstöðum, kona hans og hjú hafa látið í ljósi það álit sitt, að alt fólkið mundi hafa brunnið inni, hefði Jón bóndi ekki vaknað svo tímanlega

Ákærði hefir stöðugt haldið því fram, að honum hafi ekki komið til hugar að hætt hafi verið við, að fólkið mundi brenna inni, því logn hafi verið og svækja. Það verður nú eigi heldur, eftir atvikum málsins, sérstaklega þegar tillit er tekið til húsaskipunar á bænum og veðurlags, staðhæft, að ákærði hafi hlotið að sjá, að fólkinu væri ber-sýnilegur lífsháski búinn af brunanum; enda varð og sú raunin á, að ekki kviknaði í baðstofunni, og að alt heimilisfólkið bjargaðist greiðlega út um gluggana á henni.

Verknaður ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir verið hegnt fyrir neitt afbrot, á undir 231. gr. 4 og 283. gr. alm. hegningarlaga og virðist hegning sú, sem hann samkvæmt nefndum lagagreinum hefir til unnið, þegar litið er til hins langa gæzluvarðhalds ákærða, sbr. 59. gr. hegningarlanna, og til þess, að hann er ungur, hefir góða vitnisburði um framferði að undanfögnu og í varðhaldinu, eins og líka að uppeldi hans frá barnæsku hefir verið mjög svo ábótavant, hæfilega ákveðin 5 ára betrunarhúsvinna.

Af þeim 539 kr., sem ákærði stal frá Jóni bónda Jónssyni, eru komnar til skila 472 kr. 1 e.; 66 kr. 99 a. var ákærði búinn að eyða, þegar hann var handsamaður; þegar hér við bætist andvirði þess sem brann fyrir Jóni -- og alt var óvátrygt -- 1728 kr. 85 a., eru iðgjöld þau, sem Jóni bera hjá ákærða, kr. 1795,84. Svo ber ákærða og að greiða í iðgjöld: Guðrúnu Halldóru Erlendsdóttur

147 kr. 50 a., Gísla Eiríkssyni 204 kr. 50 a., Álfheiði Bergsveinsdóttur 83 kr. Héraðsdómarinn hefir ennfremur dæmt ákærða til þess að greiða Jóni bónda Jónssyni í endurgjald til utanbæjar-
manna 50 kr. fyrir þá muni sem þeir höfðu mist í brunanum, en með því að ekki sést, að hlutað-
eigendur hafi krafist endurgjalds fyrir þessa muni, verður það ekki dæmt þeim eða Jóni í þessu máli.

Yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og borgun til verjanda í þessu máli.

Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með tælin málsfærslulaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið víta-
laus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lög-
mæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Sturla Vilhjálmsson á að sæta 5 ára betrunarhúsvinnu og greiða í iðgjöld til Jóns bónda Jónssonar á Þorgrimsstöðum 1795 kr. 84 a., til Guðrúnar Halldóru Erlendsdóttur 147 kr. 50 a., til Gísla Eiríkssonar 204 kr. 50 a., og til Álfheiðar Bergsveinsdóttur 83 kr. Um málskostnað í héraði skal héraðsdómnum óraskað. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi

kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd íðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desembermánaðar.

Nr.28/1902:

Hið opinbera

gegn

verzlunarstjóra Joh. Christensen.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 12. ágúst þ. á., var hinn kærði, verzlunarstjóri Höepfnars verzlunar á Akureyri, Joh. Christensen, dæmdur fyrir ólöglega verzlun með áfenga drykki við téða verzlun samkvæmt 2. gr. laga 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, í 150 kr. sekt til bæjar-sjóðs Akureyrar, og skyldu jafnframt allir áfengir drykkir, er hjá honum fyndust, gjörðir upptækir og andvirði þeirra renna í sama sjóð og sektin. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir hlutadeigandi amtmaður samkvæmt ósk hins kærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Mál þetta var rekið og dæmt í héraði af manni, er settur var eftir beiðni hins reglulega dómara til þess að þjóna embætti hans í fjarveru